

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Vísindagarðar Háskóla Íslands.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. júlí 2011 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, sem samþykkt var í borgarráði 9. júní 2011.

Í breytingunni felst að heimilt er að byggja allt að 300 íbúðir fyrir nemendur á svæði sem er ætlað fyrir vísindagarða og er skilgreint sem miðsvæði M5. Breytingin felur ekki í sér breytta landnotkun og heimildir um heildarbyggingarmagn á svæðinu verða óbreyttar. Breytingin leiðir til þess að bætt er við nýju svæði í töflum 1 og 2 Vatnsmýri - Háskóli Íslands (miðsvæði) fyrir allt að 300 íbúðir. Miðsvæðið er um 7 hektara og er um 80% þess svæðis ætlað fyrir atvinnustarfsemi sem fellur undir skilgreiningu M5.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. júlí 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. júlí 2011